

Borgarstjórn Reykjavíkur 2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um eineltiskönnun meðal fyrrverandi starfsmanna borgarinnar

Lagt er til að borgarstjórn kalli eftir ábendingum/upplýsingum frá núverandi/fyrrverandi starfsmönnum borgarinnar sem telja sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni eða kynbundnu ofbeldi á starfsstöðvum borgarinnar. Lagt er til að skimað verði hvort þolendur telji að kvörtun/tilkynning hafi fengið faglega meðferð. Lagt er til að hvert þeirra mála sem kunna að koma fram verði skoðuð að nýju í samráði við tilkynnanda og ákvörðun tekin í framhaldi af því hvort og þá hvernig skuli halda áfram með málið. Lagt er til að mannauðsdeild verði falið að taka saman upplýsingar um fjölda starfsmanna (tímarammi ákveðinn árafjöldi aftur í tímann) sem telja sig hafa orðið fyrir einelti/kynferðislegri áreitni/kynbundnu ofbeldi í störfum sínum hjá Reykjavíkurborg. Fram komi hversu mörg mál hafi leitt til starfsloka þolanda, hvernig tekið hafi verið á málum, hvort og hvernig gerendum í þeim málum sem einelti hafi verið staðfest hafi verið gert að taka ábyrgð. Lagt er til að metið verði til fjár hver fjárhagslegur kostnaður/skaði borgarinnar er vegna eineltis/kynferðislegrar áreitni/kynbundins ofbeldis á starfsstöðvum borgarinnar. Hafa skal í huga að hvert mál er einstakt og að ástæða sé til að skoða hvert mál fyrir sig. Lagt er til að mannauðsdeild borgarinnar verði falið að yfirfara málin með fyrirvara um hugsanlegt vanhæfi að mati tilkynnanda/þolanda.

Greinargerð:

Vitað er að ákveðinn hópur (ekki vitað hversu stór) sem starfað hefur eða starfar enn hjá Reykjavíkurborg upplifir að kvörtun um einelti og eða kynferðislega áreitni hafi ekki verið fagleg eða sé ekki lokið vegna þess að málsmeðferð hefur verið ófagleg og óréttlát eða að málsmeðferð hefur ekki átt sér stað þrátt fyrir að upplýst hafi verið um ofbeldið, áreitni eða einelti.

Í ljósi þeirrar umræðu sem #metoo byltingin hefur flett ofan af varðandi óviðeigandi hegðun á starfsstöðvum borgarinnar telur borgarfulltrúi Flokks fólksins mikilvægt að bjóða þeim sem kunna að telja sig þolendur/brotapola í málum af þessu tagi eða telja að mál þeirra hafi ekki fengið fullnægjandi og/eða faglega meðferð hjá Reykjavíkurborg að fara yfir mál sitt í sumum tilfellum „aftur“ með það að markmiði að tryggja sanngjarna málsmeðferð.

Það er með öllu óásættanlegt ef starfsmaður situr uppi með þann sársauka og skaða sem fylgir því að hafa ekki fengið faglega lausn á máli af þessu tagi. Enginn á að vera skilinn eftir í slíkri stöðu. Í það minnsta er það tilraunarinna virði að bjóða þeim sem þannig statt er með að koma og fara að nýju yfir mál sín. Í sambandi við þetta vill borgarfulltrúi vitna í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020 en þar segir um kynbundna og kynferðislega áreitni í starfsumhverfi borgarinnar:

„#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Niðurstöður viðhorfskannana meðal starfsfólks borgarinnar hafa einnig sýnt fram á nauðsyn þess að taka á þessum málum í starfsumhverfi borgarinnar. Einnig þarf að endurskoða siðareglur bæði starfsfólks og kjörinna fulltrúa og efla kynningu á þeim.“

Þessu til viðbótar vill borgarfulltrúi Flokks fólksins vitna í stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi þar sem segir að kynferðislegt ofbeldi, misnotkun eða áreitni er litið alvarlegum augum hjá Reykjavíkurborg. Grunnstefið í stefnu Reykjavíkurborgar er að einelti, áreitni eða ofbeldi af öðrum toga er ekki liðið og hart verður tekið á öllum slíkum atvikum. Jafnframt segir í stefnunni að þolendur fái aðstoð og leiðbeiningu við að leita sér stuðnings eftir þörfum. Kynferðislegt ofbeldi eða áreitni er ekki liðin hjá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg er til staðar og styður þolendur kynferðislegs ofbeldis og áreitni.